

Breyting á aðalskipulagi í landi Upsa og Ytra-Holts

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögur að deiliskipulagi svæða fyrir fristundabyggð í landi Upsa nr. 510-F og landbúnaðarlands í Ytra-Holti, merkt 515-A í gildandi aðalskipulagi.

1. Breytingar á skýringum

Landnotkunarflokkurinn Landbúnaðarsvæði, búgarðabyggð verður nefndur Landbúnaðarsvæði, sérákvæði. Með því gefst kostur á að sérmerkja landbúnaðarsvæði með nákvæmari skilmálum en almennt gilda um landbúnaðarsvæði L1 og L2. Í gildandi aðalskipulagi er viðkomandi litur á uppdrætti einungis notaður fyrir búgarðabyggð við Hauganes, svæði 821-L. Viðeigandi breyting verður gerð á kafla 4.10.3 í greinargerð.

2. Upsir

2.1 Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á meginþexta greinargerðar. Upplýsingum í yfirlitstöflum er breytt á eftirfarandi hátt.

Kafla 4.8 Iðnaðarsvæði

Við gerð Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2010 láðist að merkja lóð vatnsveitu að Upsum.

Ný lína:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
504-I	0,7	Veitumannvirki í landi Upsa.	Núverandi vatnsveitumannvirki	Öbreytt

Kafla 4.11 Svæði fyrir fristundabyggð

Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
510-F	3,0	Í landi Upsa.	Óskipulagt, óbyggt.	Nýtt svæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
510-F	3,7	Í landi Upsa.	Óbyggt.	Þétt fristundabyggð. Allt að 12 lóðir. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

2.2 Breyting á skipulagsuppdrætti

- Norðurmörkum svæðis 510-F er breytt lítillega.
- Sett er inn svæði 504-I.
- Færð er inn aðkomuleið að svæðinu í framhaldi af Böggvisstaði á Dalvík.

3. Ytra-Holt

3.1 Breytingar á greinargerð

Kafla 4.14 Opin svæði til sérstakra nota

Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
516-O	6,9	Hringsholt/hesthúsasvæði	Hesthús, reiðvöllur og tjaldsvæði	Öbreytt
518-O	0,7	Í Ytra-Holti	Ungmennafélagsreitur, skógrækt	Öbreytt

Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
516-O	6,9	Hringsholt/hesthúsasvæði	Hesthús og reiðvöllur	Öbreytt
518-O	1	Í Ytra-Holti	Ungmennafélagsreitur, skógrækt	Útivistarsvæði

Kafla 4.7 Athafnasvæði

Lína í töflu, svæði 515-A fellur út

Kafla 4.10 Landbúnaðarsvæði

Kafla 4.10.3 Búgarðabyggð 821 L verður 4.10.3 Landbúnaðarsvæði með sérákvæðum.

Búgarðabyggð 821 L verður undirkafla – 1. mgr. Ákvæði óbreytt.

2. mgr. Nýr texti: Á landbúnaðarsvæði 515 L við Ytra Holt (17,2 ha) er gert ráð fyrir lóðum fyrir búfjárhald auk þeirrar starfsemi sem þar er fyrir (verkstæði og kjúklingbú).

3.2 Breyting á skipulagsuppdrætti

Landnotkun á svæði 515 er breytt úr athafnasvæði (A) í landbúnaðarsvæði með sérákvæðum (L). Opíð svæði til sérstakra nota 518-O er stækkað lítillega og svæði 515-L minnkað að sama skapi.


4. Áhrifamat

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.


Breyting á afmörkun fristundabyggðar að Upsum er óveruleg og vart greinangleg á aðalskipulagsuppdrætti.

Breyting á landnotkun í Ytra-Holti felur í sér bætt samræmi nýrrar starfsemi og þeirrar sem fyrir er þar sem nú er stefnt að landbúnaði í stað almennra athafnalóða.

Breytingarnar eru almennt séð óverulegar, eiga við lítil svæði og hafa engin áhrif á nágranna, aðra starfsemi eða aðliggjandi landnotkun. Umfang breytinganna telst rúmast innan skilgreiningar fyrir óverulegar breytingar á aðalskipulagi í 36. grein skipulagslaga nr. 123/2010.



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN
 - Þéttbýli, þéttbýlismörk
 - Íbúðarsvæði
 - S Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - M Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - V Versiunar- og þjónustusvæði
 - A Athafnasvæði
 - I Iðnaðarsvæði
 - H Hafnarsvæði
 - L1 Landbúnaðarsvæði L1
 - L2 Landbúnaðarsvæði L2
 - L Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
 - F Fristundabyggð
 - O Opin svæði til sérstakra nota
 - Ó Byggð svæði
 - Blönduð landnotkun
 - Efnistökusvæði
 - Merking landnotkunarreitna
 - Landfyllingar
 - TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN
 - H Hverfisverndarsvæði
 - Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
 - Svæði á Náttúruminjasvæði
 - Vatnsverndarsvæði
 - Brunnsvæði
 - Grannsvæði
 - Fjarsvæði
 - M Fornminjar
 - M Fornminjar, minjasvæði
 - Fornminjar, Sveitarlangur
 - Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI
 - Stofnbraut
 - Stofnbraut, jarðgöng
 - Tengivegur / tengibraut
 - Aðrir vegir / safngata
 - Aðal göngu- og hjólastígar
 - Megin útivistarstígar
 - Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
 - Rafveita, loftlína
 - Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
 - Rafveita, jarðstrengur
 - Hlitaveita
 - Vatnsveita
 - Ljósleiðari
 - Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 22. nov. 2011

Staðfesting
bæjarstjóri

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann 23. nov. 2011

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 21.12.2012

Staðfesting
Björn Bj. Almqvist

ADALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR



Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar

BREYTING í landi Upsa og Ytra-Holts

Mælikvarði 1:50.000

1. nóv. 2011



TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGARÍ ehf. arkitektar í hl